


Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

5. tbl. • Maí 2001

Verðbólguuskjálfti

Prósentubreyting á verðlagi á ársgrundvelli



Efnisyfirlit

Krónan fær falleinkunn
Ritstjórnargrein

2

Íslenska ánægjuvogin

4

Af hverju evra í stað krónu?
Þorsteinn Þorgeirsson
hagfræðingur SI

6

Norðurlandaráðstefna
Xplor international á Íslandi

11

Mánaðarleg verðbólga ekki hærrí síðan í febrúar 1990

Samkvæmt frétt frá Hagstofu Íslands hækkaði vísitala neysluverðs úr 206.5 stigum í apríl í 209.4 stig í maí. Á ársgrundvelli nemur þessi hækkun á neysluverði 18,2% á milli mánaða. Leiðrétt fyrir árstíðarsveiflu nam hækkunin rúmlega 16% sem sýnir að hér er um verulega hröðun verðbólgu að

ræða. Hækkunin á einu ári nam 5,6% en vísitalan var 198.4 stig á sama tíma í fyrra. Ályktun Stjórnar SI um efnahagsmál fjallar um þá hættu sem felst í þessum hækkunum fyrir atvinnulífið.

Krónan fær falleinkunn

Í ályktun stjórnar Samtaka iðnaðarins nú nýlega segir: „Upptaka evrunnar myndi leiða til varanlegri stöðugleika í samkeppnisgrundvelli íslenskra fyrirtækja og treysta forsendur þess að hagvöxtur og lífskjör í landinu haldist há og sjálfbær.“

Uffe Ellemann-Jensen, fyrrum utanríkisráðherra Danmerkur, sagði einhverju sinni á fundi hér í Reykjavík að aðildarríki ESB hefðu gengið í sambandið af ólíkum ástæðum. Upphaflegt markmið var, eins og allir vita, að koma í veg fyrir illindi og átök milli þjóða V-Evrópu og þó sérstaklega milli Þjóðverja og Frakka. Seinna bættust í hópinn þjóðir eins og Grikkir, Spánverjar og Portúgalir sem voru að feta sig frá einræði til lýðræðis. Bretar hafa að sögn aldrei almennilega vitað hvers vegna þeir gengu í ESB. Danir aftur á móti gengu hvorki í ESB til að stuðla að lýðræði, friði né frelsi í Evrópu. Þeir gengu inn vegna þess að þeir voru búnir að reikna út að það borgaði sig. Nánar tiltekið voru þeir að hugsa um að fá tollfrjálsan aðgang fyrir svínakjöt sitt til Bretlands og inn á Evrópumarkað.

ER AÐILD AÐ ESB HAGKVÆMUR KOSTUR?

Í skýrslu utanríkisráðherra, sem út kom í

apríl í fyrra, var reynt að slá mati á hvort það myndi borga sig fyrir okkur að sækja um aðild að ESB. Niðurstaðan er engan veginn ljós en hefur verið túlkuð á þann veg að það dæmi sé okkur í óhag. Við myndum greiða meira til ESB en við gætum vænst að fá þaðan í styrki. Inn í þennan útreikning vantar margt fleira en verðmiði á frið og frelsi. Langstærsti þátturinn og sá, sem sannfært hefur marga í iðnaðinum um kosti ESB aðildar, er sá að við verðum að taka upp nýjan gjaldmiðil í stað íslensku krónunnar. Hún er orðin okkur slíkur myllusteinn um háls að ekki verður lengur við unað.



HRIKALEGUR KOSTNAÐUR AF KRÓNUNNI

Því hefur verið slegið fram að hvert prósentustig í vöxtum, sem við greiðum umfram það sem vera þyrfti, kosti fyrirtæki og heimili í landinu um 11 milljarða króna á ári. Meðal útlánsvextir á Íslandi eru nú um eða yfir 20% en sambærilegir evruvextir eru 7-8%. Lækkun vaxtakostnaðar miðað við evru í stað íslenskrar krónu eru samkvæmt þessu margir tugir milljarða á ári. Þá er ótalin annar óþarfa viðskiptakostnaður vegna krónunnar, tapaður hagvöxtur vegna óstöðugleika gengis og glötuð tækifæri til að fá hingað til lands erlenda fjárfestingu. Enn má nefna það agaleysi í gerð kjarasamninga sem virðist fylgja því að semja um laun í krónum. Meira og minna innbyggt í þá samninga er að gera ráð fyrir gengisfellingum og verðbólgu, þannig að eðlileg viðmið við framleiðniþróun eru hundsud og samið um kjaraþætur langt umfram það sem gerist hjá keppinautum. Ástæðan er sú að launin eru greidd í ónýtum gjaldmiðli. Ugglaustr er erfitt að reikna út hvað það kostar okkur að burðast með íslensku krónuna og engir útreikningar á því hafa verið gerðir opinberir svo að vitað sé. Það er hrikaleg fjárhæð sem þarna er árlega kastað á glæ. Ef til vill er talan svo há að hana má ekki nefna upphátt frekar en allan þann fisk sem fleygt er í sjóinn á hverju ári.

LÖNG RAUNASAGA

Þessa dagana er íslenska krónan að ganga gegnum enn eitt hörmungaskeiðið. Fyrirtækin í landinu, sem hröktust undan vaxtaokrinu yfir í erlendar lántökur, hafa fengið skell sem nemur hundruðum milljóna. Gengisfellingin kemur eins og blaut tuska framan í fyrirtæki og heimili þessa lands. En þetta virðist engin áhrif hafa á stjórnvöld eða ráðgjafa þeirra í Seðlabanka og Þjóðhagsstofnun. Rökin fyrir því að halda áfram með krónuna eru þau að það sé nauðsynlegt fyrir okkur að hafa okkar eigin mynt og sjálfstæða peningastjórn vegna þess að hagsveiflur hér séu öðruvísi en hjá öðrum þjóðum. Við höfum að undanförunu séð hvernig þetta virkar: Fyrst eru vextir spenntir upp fyrir öll velsæmisörk og síðan fylgir stjórnlaust hrun krónunnar. Iðnaðurinn getur vel hugsað sér að vera laus við sjálfstæða peningastjórn sem skilar þessum árangri.

FALLEINKUNN Á ÖLLUM SVIÐUM

Undirritaður hefur heyrt vel upplýsta bankamenn segja að það sé ekkert hægt að fullyrða um það að vextir á Íslandi þurfi endilega að vera miklu hærri en evruvextir um alla framtíð. Það er vonandi rétt að þeir þurfi ekki að vera tvöfaldir eða nærri þrefaldir eins og nú er. Hitt er víst að þeir verða alltaf hærri og það er vegna þess að íslenska krónan er handónýtt mynt. Hún stenst engan veginn það þriðja próf sem nothæf mynt þarf að standast: Reiknieining (unit of account), Gjaldmiðill (medium of exchange) og loks Verðmætagemysla (store of value). Sjá nánar grein Þorsteins Þorgeirssonar, hagfræðings SI, hér í blaðinu. Brennuvargurinn borgar herra váttryggingariðgjald en góðborgarinn einfaldlega af því að tjónareynslan af honum er verri. Á sama hátt og af sömu ástæðu verða vextir af íslensku krónunni alltaf hærri en af alvöru gjaldmiðlum. Þar veldur löng og raunaleg saga verðbólgu, gengisfellinga og annarra efnahagslegra slysa sem hafa verið fylgifyiskar hennar.

Sveinn Hannesson



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
05. töl. Maí 2001
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 14.05. 2001
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.
Ljósmyndir: Ýmsir

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík
Sími: 511 5555, fax: 511 5566
Kennitala 511093-2019
www.si.is, e-mail:thora@si.is/thorak@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjórar: Þóra Ólafsdóttir og Þóra Kristín Jónsdóttir sem er jafnframt málfarsráðgjafur.

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilfellum.

Ályktun stjórnar SI um efnahagsmál

Gengi krónunnar hefur fallið hratt. Áhrifa rúmlega 30% lækkunar á gengisvísitölu krónunnar á einu ári er þegar farið að gæta í hærra verðlagi og gerir það í auknum mæli á komandi mánuðum — jafnvel þótt lækkun krónunnar gangi að einhverju leyti til baka.

Nú ríður á að launin haldist stöðug til þess að ekki komi til vaxlverkunar launa og verðlags sem leiðir til stighækkandi verðbólgu. Þá er mikil vægt að líta á þessa þróun sem eðlilega aðlögun krónunnar og innlends verðlags að miklum viðskiptahalla. Því er brýnt að bregðast ekki við falli krónunnar með því að hækka vexti sem eru enn allt of háir miðað við þarfir atvinnulífsins.

Hægt hefur á vexti innlendrar eftirspurnar og það hefur leitt til minnkandi innflutnings sem gefur fyrirheit um að draga muni úr viðskiptahallanum og að þrýstingurinn á krónuna taki enda. Þessi mikla sveifla í gengi krónunnar og hækkun á verðlagi er erfið fyrir íslensk fyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni um aðföng, fjárfestingu og markaði og leiðir berlega í ljós hvað íslenska krónan er dýru verði keypt.

Upptaka evrunnar myndi leiða til varanlegri stöðugleika í samkeppnisgrundvelli íslenskra fyrirtækja og treysta forsendur þess að hagvöxtur og líf skjör í landinu haldist há og sjálfbær.

Íslandsmeistari kaffibarbjóna úr Kaffitári í Kringlunni

Íslandsmót kaffibarbjóna var haldið öðru sinni í lok mars. Keppnin var haldin á jarðhæð Kringlunnar og tókst með miklum ágætum.



Lilja Pétursdóttir Íslandsmeistari kaffibarbjóna

endur Mokka á Skólavörðustíg, voru sæmd heidursverðlaunum fyrir að hafa kennt Íslendingum að meta expressódrykki en þau fluttu fyrstu expressókaffivélina til landsins árið 1958.

Árangur Íslendinga á heimsmeistaramóti kaffibarbjóna í október sl., sem fram fór í Monte Carlo, þótti með eindæmum góður en þar hafnaði Erla Kristinsdóttir, Kaffitári í Kringlunni, í öðru sæti.

Tilgangurinn með Íslandsmótinu er m.a. fólgin í að velja fulltrúa fyrir Íslands hönd á heimsmeistaramótið sem haldið verður síðar á árinu í Miami en einnig að efla kaffimenningu landans og auka metnað kaffi- og veitingahúsa í gerð expressódrykkja. Að þessu sinni tóku 22 kaffibarbjónar þátt í keppninni. Hver þeirra hafði 15 mínútur til umráða og lagaði þrenns konar kaffidrykki sem dómnefnd dreypiti á og mat til stiga.

Þrjár stigahæstu keppendurnir fengu hver sinn verðlaunabikar til eignar en þeir eru: Lilja Pétursdóttir, Kaffitári í Kringlunni, sem hlaut titilinn Íslandsmeistari kaffibarbjóna, Páll Erniðsson, Café Ozio Lækjargötu varð í öðru sæti og Ragnheiður Gísladóttir, Kaffitári í Bankastræti í því þriðja.

Hjónin Guðmundur og Guðný, eig-



Dæturnar með í vinnuna



Fjórar ungar stúlkur heimsóttu Samtök iðnaðarins, vinnustað fedra sinna, hinn 10. apríl sl. en þann dag hafði Auður í krafti kvenna tileinkað dætrum Íslands. Þær heita Amber Haeefe, Ásta Sólhildur Þorsteinsdóttir, Margrét Sveinsdóttir, en Hildur Guðmunds-

dóttur er á myndinni til hægri. Dagurinn var ætlaður stúlkum á aldrinum 9 til 15 ára og voru foreldrar hvattir til að taka dætur sínar með í vinnuna og fyrirtæki til að taka vel á móti þeim. Samtök iðnaðarins þakka þeim fyrir komuna.

Íslenska/Evrópska ánægjuvugin 2000

Minni ánægja – auknar kröfur?

Nýlega voru kynntar niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar sem mældi ánægju viðskiptavina fyrirtækja í nokkrum starfsgreinum á síðasta ári en það var í annað sinn sem slík mæling er gerð.


Aðstandendur Íslensku ánægjuvogarinnar eru Samtök iðnaðarins, Gæðastjórnunarfélag Íslands og Gallup. Verkefnið er hluti af stóru evrópsku samstarfsverkefni European Customer Satisfaction Index (ECSI) eða Evrópsku ánægjuvuginni eins og það hefur verið nefnt á Íslandi. Helstu niðurstöður eru að ánægja viðskiptavina minnkar í öllum starfsgreinum sem mældar voru í samanburði við árið áður. Í heildarsamanburði milli landi falla íslensku fyrirtækin úr fyrsta sæti í þriðja á eftir þeim finnsku og írsku. Íslensku bankarnir eru nú í öðru sæti á eftir þeim finnsku en voru í fyrsta sæti og lækka um 2,6 stig frá árinu áður. Framleiðendur kjötáleggs og drykkjarvöru fylgja áfram bönkunum fast eftir hvað varðar ánægju viðskiptavina hér á landi en ánægjan minnkar hjá viðskiptavinum þeirra svipað og hjá bönkunum eða um 2,8 og 2,0 stig. Ánægja viðskiptavina farsímafyrirtækja minnkar mest eða um 4,5 stig og tryggingafélaga um 3,2 stig.

Markmið verkefnisins er að láta fyrirtækjum, og í sumum tilvikum neytendum, í té samræmdar mælingar á ánægju viðskiptavina. Þá er og markmið verkefnisins að meta nokkra aðra þætti sem tengjast ánægju viðskiptavina – hafa áhrif á hana (t.d. ímynd og mat á gæðum) eða verða fyrir áhrifum hennar (tryggt viðskiptavina). Mikilvægi mælinga á ánægju viðskiptavina og áhrifaþáttum hennar er mikið þar sem tryggilega hefur verið sýnt fram á í rannsóknum að því ánægðari sem viðskiptavinir fyrirtækis eru því betri afkomu má fyrirtækið búast við.

Mælingar eru **staðlaðar** milli fyrirtækja, atvinnugreina og þjóða þannig að viðskiptavinir eru spurðir sömu spurninga óháð fyrirtæki, atvinnugrein eða þjóð og með þeim hætti verða niðurstöður **samanburðarhæfar**.



F.v. Guðmundur Hauksson, Sparisjóðunum, Kristinn Gylfi Jónsson, Ali (Síld & Fiskur), Jón Snorri Snorrason, Ölgerð Egils Skallagrímssonar og Ragnar Sveinsson, Búnaðarbankanum



FRAMKVÆMD MÆLINGA ÁRIÐ 2000



Þetta var í annað sinn sem mælingin var gerð á Íslandi. Mældar voru sömu atvinnugreinar og árið áður bankar, tryggingafyrirtæki, farsímafyrirtæki og framleiðendur gosdrykkja og kjötáleggs en voru nú einnig mæld fyrirtæki á sviði heimilis-síma og fyrirtæki í almennri póstdreifingu. Heildarföldi í úrtaki var hátt í 7000 manns á aldrinum 15-75 ára úr þjóðskrá af öllu landinu og svarhlutfall tæplega 70%. Spurðir voru 260 aðalviðskiptavinir hvers fyrirtækis.

Eftirfarandi myndir sýna niðurstöður íslensku fyrirtækjanna árið 2000 og samanburð milli ára og landa.

ÁNÆGJUVOG VIÐSKIPTAVINA - ÖLL FYRIRTÆKI

Á þessari mynd er íslensku fyrirtækjunum raðað eftir því hve mikil ánægja viðskiptavina þeirra er – ánægjuvög. Sparisjóðirnir fá hæstu ánægjuvög allra með 77,0 stig á kvarðanum 0-100 en Ali (Síld & fiskur) fylgir fast á eftir í öðru sæti með 76,6 stig. Þá eru Ölgerðin Egill Skallagrímssonar og Búnaðarbankinn jöfn í þriðja sæti með 74,8 stig. Óvissa er lítil í hverri tölu; aðeins um það bil +/- 2 stig.

Hvergi er mikill munur á samlægum fyrirtækjum og í heild munar um 12 stigum á hæsta og lægsta fyrirtæki. Þá er meðaltal allra fyrirtækjanna, sem mæld voru á Íslandi árið 2000, 71,2 stig.





Bakarar heimsækja Nordbægr 2001

Sýningin Nordbægr 2001 var haldin í sýningarhöllinni í Herning í Danmörku 21. - 25. apríl sl. Þangað fjölmenntu íslenskir bakarar. Dönsku bakarasmötökin ásamt hráefna- og tækjaframleiðendum til brauð- og kökugerðar standa fyrir sýningunni sem er haldin á þriggja til fjögurra ára fresti.





Þarna var sýndur tækjabúnaður allt frá pappírformum, handverkfærum og kökuskrauti til stórra sjálfvirkra vélasamstæðna. Þá kynntu hráefnaframleiðendur nýjar og endurbættar vörur með því að gefa gestum að bragða á afurðum úr þeim. Segja má að lausnir til að sjálfvirknivæða alla hluti hafi verið helsta nýnæmið á sýningunni. Þar má t.d. nefna dælur til að sprauta feiti innan í form og á plötur, dælur til að súkkulaðihúða, dælur til að glans-húða o.s.frv. Það fer svo auðvitað eftir stærð bakarísins hvort það borgar sig að kaupa tæki til þessara hluta. Slíkar sýningar veita kjörrið tækifæri til að skoða tæki og búnað, ræða við sölumenn og bera saman verð og gæði og einhverjir úr hópnum gengu frá samningum um tækjakaup í ferðinni.

Dönsku bakarasmötökin stóðu fyrir margs konar keppni og uppákomum meðan á sýningunni stóð. Þar á meðal var Norðurlandakeppni í brauðbakstri en til hennar var Landssambandi bakarameistarar boðið að senda tvo þátttakendur og dómara. Gestalið frá Austurríki og Sviss

tóku einnig þátt í keppninni. Keppendur frá Íslandi voru bakaraveinararnir Benedikt Helgason og Styrmir Már Sigmundsson (**sjá mynd**) undir stjórn Ingólfs Sigurðssonar, deildarstjóra bakaradeildar MK sem einnig var dómari í keppninni.

Það er skemmt frá því að segja að íslensku keppendurnir stóðu sig aðdánlega þótt dómurinum þóknadist ekki að setja þá í verðlaunasæti. Þeir áttu mjög glæsilegt skrautstykki og tertu sem bar langt af flestum tertum og brauðin þeirra voru frumlegri en aðrir þorðu að leyfa sér. Það var samdóma álit allra Íslendinganna á svæðinu að þeir hefðu a.m.k. átt skilið þriðja sætið í keppninni. Sigurvegarar voru dönsk hjón sem hafa langa keppnisreynslu og eru margfaldir Evrópumeistarar, Sviss hreppi annað sæti fyrir glæsilega frammi-stöðu en í þriðja sæti varð Austurríki og þótti sá dómur vægast sagt einkennilegur. Keppendum okkar og fararstjóra er óskað til hamingju með glæsilega frammistöðu.

Ragnheiður Hédinsdóttir



ÁNÆGJUVOG FRAMLEIÐENDA KJÖTÁLEGGIS (ÍSLAND)

Ali (Síld & fiskur) er efst með 76,6 stig og munar 5 stigum á þeim og næsta eins og hjá bönkum og tryggingafélögum. Meðaltal er 73,6 stig og lækkaði það um tæplega þrjú stig á milli árunna 1999 og 2000.

ÁNÆGJUVOG FRAMLEIÐENDA GOSDRYKKJA-(ÍSLAND)

Ólgerðin Egill Skallagrímsson er hærri með 74,8 stig en Vífilfell með 72,8 stig í ánægjuvuginni og munar þannig tveimur stigum á þeim. Meðaltal þeirra lækkaði um tvö stig á milli árunna 1999 og 2000.

ÁNÆGJUVOG: SAMANBURÐUR GREINA

Bankar fá mesta ánægju atvinnugreina fimm með 74,2 stig en kjötáleggs- og gosdrykkjaframleiðendur fylgja fast á hæla þeirra með 73,6 og 73,4 stig. Mun neðar eru síðan trygginga- og farsímafélög með 67,2 og 66,2 stig. Röð atvinnugreina er mjög svipuð milli ára.

Í heild minnkar ánægja viðskiptavina í atvinnugreinunum fimm, sem athugaðar voru, bæði árið 1999 og 2000 um þrjú stig milli ára. Ánægjan minnkar einnig í hverri grein fyrir sig en mest hjá farsímafyrirtækjum eða um 4,5 stig. Ánægjan minnkar minnst hjá gosdrykkjaframleiðendum eða tvö stig. Í heild nemur lækkunin þremur stigum hjá atvinnugreinunum fimm en póstdreifingar- og heimilissímaþjónusta var ekki metin árið 1999.

David Líðvíksson



Ísafoldarprentsmiðja í nýtt húsnæði

Ísafoldarprentsmiðja hefur nú verið flutt í nýtt 2500 fermetra húsnæði að Suðurhrauni 3 í Garðabæ en prentsmiðjan var áður til húsa að Þverholti 9 í Reykjavík.

Í frétt frá fyrirtækinu segir að með flutningnum megi búast við að Ísafoldarprentsmiðja stórauiki umsvif sín þar sem gamla húsnæðið var farið að þrængja að rekstrinum. Ný dagblaðaprentvél hefur verið sett upp í nýja húsnæðinu. Þar er meðal annars prentað hið nýja dagblað, Fréttablaðið, sem hóf göngu sína 23. apríl

en það er gefið út í 75 þúsund eintökum.

Samhliða flutningnum hefur Ísafoldarprentsmiðja eflt tækjakost sinn og þar með verður þessi elsta prentsmiðja landsins, sem stofnuð var árið 1877, enn nýttskulegri og samkeppnishæfari á markaði. Ísafoldarprentsmiðja er næststærsta prentsmiðja landsins og sú eina sem býður alla prentþjónustu; arka-, rúllu- og dagblaðaprentun. Prentsmiðjan setur allt efni beint á plötur og hefur yfir að ráða einni öflugustu plötugerðarvél landsins.

Haraldur Dean Nelson



Af hverju evra í stað krónu?

Um þessar mundir er staða krónunnar mikið í sviðsljósinu. Krónan er nú 25% lægri en hún var fyrir um einu ári, rétt áður en hún byrjaði að lækka. Þótt lækkunin hafi gengið að miklu leyti til baka undanfarna daga hefur hún þegar fært Ísland niður listann yfir tekjuhæstu þjóðir heims og stofnað fjármálastöðugleika margra fyrirtækja í hættu.

Margir horfa til þess að hugsanlega mun gengi krónunnar styrkjast síðar á árinu og allt komast í sama horf og áður. Fyrir það fyrsta er alls ekki víst að það gerist. Það sem skiptir meginmáli er hinsvegar að krónunni fylgir ekki bara margvíslegur óstöðugleiki heldur eykur hún kostnað íslenskra fyrirtækja sem dregur úr mögulegum hagvexti og rýrir lífskjör í landinu. Að neðan er reifuð reynsla okkar af krónunni og sá ávinningur sem hlytist af upptöku evrunnar.

LÍTIL MYNT ER DÝR FYRIR HAGKERFIÐ

Ríftum aðeins upp nokkur atriði varðandi tilhögun peningamála á Íslandi á undanförunum árum og áratugum sem sýna berlega þann vandræðagang sem hefur fylgt krónunni. Allt frá sjöunda áratugnum og fram á þann tíunda máttu fyrirtæki í samkeppnisgreinum, eins og iðnaði, þola stjórnlausu hringrás verðbólgu, launa-hækkana og gengisfellinga, tengt sveiflukenndri afkomu í sjávarútvegi. Ekki bætti úr skák í miðstýrðu launakerfi að laun hækkuðu með samanburði milli greina og stétta, í stað þess að hækkningar byggðust á framleiðni einstakra starfa og fyrirtækja. Afleiðingin varð sú að fyrirtækin sömdu oftast en ekki um of há laun. Ástæðan var sú að fáir trúðu á stöðugleika gjaldmiðilsins og sömdu um fjárhæðir sem enginn tók mark á að héldust. Vegna verðbólgunnar var ekki sterk forsenda til að leita hagkvæmni í rekstri eða stýra fjárfestingu þannig að hún skilaði mestum arði. Þetta varð til þess að veikburða fyrirtæki í samkeppnisgreinum hrundu þegar sjávarútvegurinn tók enn eina dýfu árið 1988.

Nær 5000 störf í iðnaði hurfu á nokkrum árum.

Í byrjun tíunda áratugarins, eftir að atvinnuleysi hafði gert hressilega vart við sig, mátti sjá fram á endalok verðbólgu-draugsins. Um leið varð gengið stöðugra. Um miðbik áratugarins, þegar síðasta uppsveifla var að byrja, voru vextir, verðbólga og atvinnuleysi komin á það stig sem víða var að finna í Evrópu. Þessi blendni ávinningur varð skammvinnur.

Vegna stórfelldra kerfislegra breytinga, þ.á.m. tilkomu EES samningsins og að fjármálaviðskipti voru gefin frjáls, og í skjóli fastgengisstefnu Seðlabankans, dafnaði hagvöxtur. Vaxandi umsvifa gætti helst í stóriðju, nýjum vaxtarsprotum í UT iðnaði svo og ferðaþjónustu og mannvirkjagerð. Þegar atvinnuleysi fór minnkandi og kaupmáttur launa tók á rás, fóru innlendir vextir smám saman að síga fram úr þeim erlendu. Frá 1999 var eins og ekkert héldi aftur af hagvextinum, jafnvel eftir að vextir fóru ört hækkandi. Þá héldu landsmenn áfram að taka erlend lán í skjóli gengisfestu Seðlabankans. Sú mótsagnakennda staða að hækkandi vextir virtust ekki bita á efnahagslífið er útskýrð með þessum erlendu lántökum. Í raun var gengið ekki fast. Það hækkaði jafnt og þétt milli 1995 og 2000, og veitti lántakendum falska öryggiskennd um að það gengi, sem þeim bauðst við endurgreiðslu lánanna, yrði það sama, ef ekki betra, en þegar þeir tóku lánin. Fyrir vikið fór viðskiptahallinn úr böndunum.

Þegar útlitið dökknaði skyndilega í sjávarútvegi í maí 2000 brast loks trúverðugleiki efnahagsstjórnarinnar og krónan tók að lækka. Seðlabankinn reyndi að halda aftur af genginu með því að hækka vexti meira og grípa inn í með miklum kaupum á krónum en allt kom fyrir ekki og krónan hélt áfram að falla. Þessi stjórnarstefna í peningamálum, að láta stjórnvöld festa verð á gjaldmiðli, átti ekki samleið með opnun fjármálakerfisins þar sem fjármagn flæðir eftir síbreytilegu verði á markaði. Samt viðgekkst það á meðan stöðugleiki krónunnar ýtti undir fjárfestin-

gar og hagvöxt. Þeirri jákvæðu þróun fylgdi hinsvegar skuggi stóraukins viðskiptahalla sem var sprottinn af miklum stóriðjufjárfestingum og ört vaxandi kaupmætti. Launaþróunin fór langt fram úr framleiðninni og með nægu framboði á lánsfé neytti þjóðin mun meira en hún aflaði. Nú hefur gengið fallið sem má telja eðlilega aðlögun að þrálátum viðskiptahalla en veldur fyrirtækjunum samt margvíslegum vanda.

Það er ljóst að krónan er lítil mynt sem erfitt er að halda stöðugri til langs tíma vegna einhæfs og sveiflukennds efnahagslífs. En forsenda þess að fjölbreyttar samkeppnisgreinar geti þrífist er að myntin haldist nokkuð stöðug og nálægt því stigi sem samræmist jafnvægi í erlendum viðskiptum. En það getur hinsvegar krafist herra vaxtastigs, sérstaklega ef launaþróunin er miklu örrari en erlendis. Á undanförunum misserum hefur slík staða gert fyrirtækjum erfiðara fyrir. Til að komast hjá þessu hafa mörg fyrirtæki leitað eftir ódýrari fjármögnun erlendis. En gengisfallið hefur orðið þeim til tjóns.

Það er ljóst að krónunni hefur lengst af fylgt mikil verðbólga. Eftir að við náðum tökum á henni þurfti hinsvegar að halda uppi hávaxtastefnu. Undanfarna mánuði hefur gengisóvissan aukist til muna sem þýðir að virkni hins háa vaxtastigs hefur stóraukist. Seðlabankinn þarf því að lækka vexti með hraði áður en hávaxtastefnan knésetur fyrirtækin. Til þess að skapa íslenskum fyrirtækjum varanlegan stöðugleika og bjóða þeim sambærilega samkeppnisstöðu þarf hinsvegar að taka upp evruna.

AF HVERJU ER EVRAN BETRI KOSTUR?

Til að skilja af hverju það er betri kostur að taka upp evruna en að gera út á krónuna þarf bæði að skoða málið út frá þjóðhagslegum og rekstrarfræðilegum forsendum.

Frá þjóðhagslegu sjónarmiði má nefna að Prófessor Robert Mundell, sem fékk Nóbelsverðlaunin í hagfræði 1999, skrifaði tvær veigamiklar greinar um hagkvæm

myntsvæði (optimum currency areas) árið 1961 og 1970. Í fyrri greininni taldi hann að mynt með breytilegt gengi ætti að miðast við svæði með samskonar hag-sveiflu – hið samhverfa myntsvæði.¹ Sú rök-semdafersla átti lengi upp á pallborðið og síðast setti prófessor Paul Krugman hana fram í grein sem hann tók saman fyrir Seðlabanka Íslands fyrir áratug og taldi Íslendingum af þessum sökum fyrir bestu að standa utan myntsamtarsins í Evrópu.² Hinsvegar má líka benda á að prófessor Ronald McKinnon við Stanford háskóla hefur lengi skrifað um neikvæð áhrif gengisflökts á flæði erlendra fjárfestinga.³ Í seinni grein sinni tók prófessor Mundell hinsvegar upp þá skoðun, sem nú er viðtekin, að ein mynt sé til hagsbóta fyrir ósamhverft hagkerfi. Í raun komst hann að þeirri niðurstöðu að því ósamhverfara sem myntsvæðið er því betra vegna þess að það jafnar út viðskiptasveiflur innan þess.⁴ Flæði vöru og fjárfestinga innan myntsvæðisins er stór þáttur í þeirri jöfnun sem heldur hagvexti meiri en ella á svæðinu. Samkvæmt þessu yrði það Íslandi til hagsbóta að taka upp stóra mynt eins og evruna þótt viðskiptasveiflan hér sé ekki alltaf sú sama og á meginlandi Evrópu.⁵

Það má einnig greina þessa hagkvæmni frá rekstrarfræðilegu sjónarhorni. Til þess þurfum við að rífa upp þau þrjú meginhlutverk sem mynt gegnir í efnahagslífinu, en þau er:

1. Reiknieining (unit of account)
2. Gjaldmiðill (medium of exchange)
3. Verðmætageymsla (store of value)

Hlutverk myntar sem reiknieiningar er að skapa mælikvarða til að meta virði vöru, þjónustu, vinnuafis og fjármagns. Til að efnahagslegar athafnir haldist hagkvæmar þarf reiknieiningin, sem þetta mat byggist á, að vera stöðug. Ef myntin er óstöðug vegna breytilegrar eða mikillar verðbólgu myndast ýmis aukakostnaður í hagkerfinu við skráningu og samanburð á verði sem hefur neikvæð áhrif á hagkvæmni í viðskiptum og dregur úr virkri samkeppni. Launamyndun, sem býr ekki við stöðuga mynt, leiðir til þess að tengsl rofna milli launa og framleiðni en það dregur úr stöðugleika fyrirtækja og hagvexti. Hægt er



að fullyrða að launamyndun yrði raunhæfari í evrum en krónum og nátengdari framleiðni fyrirtækjanna en nú er. Að auki má benda á að bókhald íslenskra fyrirtækja er í krónum sem gerir erlendum fjárfestum erfiðara fyrir en ella að meta verð þeirra, sérstaklega þegar verð hennar sveiflast mikið. Slíkt dregur úr erlendum fjárfestingum í íslenskum fyrirtækjum.

Mynt hefur líka það hlutverk að vera miðill fyrir viðskipti. Því fylgir viðskiptakostnaður (transactions cost) að skipta úr einum gjaldmiðli yfir í annan. Sá kostnaður myndi stórlækka ef viðskiptin færðust yfir í evrur. Vegna gengisáhættu krónunnar hafa vextir verið mun hærri hérlendis en á evru

svæðinu en það hamlar gegn fjárfestingum.

Hlutverk myntar að varðveita fjármagn það, sem í henni er bundið, er grundvöllur þess að fjárfestingar séu hagkvæmar. Ef myntin varðveitir ekki fjármagnið vegna innlendra verðbreytinga (verðbólgu) eða erlendra (gengisbreytinga) dregur það úr hagkvæmni fjárfestinga og sjálfbærum hagvexti.

ÁVINNINGURINN AF

EVRUNNI ER VERULEGUR

Í þjóðhagslegu samhengi myndi upptaka stærri myntar eins og evrunnar því hafa bein áhrif í formlægri vaxta og viðskiptakostnaðar og jafnari hagsveiflu. Óbeinu áhrifin eru líka mörg og birtast í aukinni hagkvæmni á vöru-, þjónustu-, vinnu- og fjármagnsmörkuðum. Slíkt leiðir til öflugri og fjölbreyttari starfsemi fyrirtækja, verður til hagsbóta fyrir neytendur, skapar hagrænni launamyndun og auknar fjárfestingar. Hinn hagræni ávinningur af upptöku evrunnar er því verulegur og gæti numið mörgum prósentustigum af vergri landsframleiðslu, nálægt umframfarði þjóðarinnar af fiskveiðum.⁶

Endanlega er upptaka evrunnar samt pólitískt mál sem krefst að öllum líkindum ESB aðildar. Íslensk stjórnvöld mega ekki láta undir höfuð leggjast að kanna hvaða leiðir eru færar í þessu máli og að undirbúa hugsanleg samningsmarkmið þjóðarinnar. Það er ljóst að með upptöku evrunnar kæmi varanlegri stöðugleiki og jöfnun í samkeppnisgrundvöll íslenskra fyrirtækja, sem mundi treysta forsendur þess að hagvöxtur og lífskjör í landinu gætu haldist há og sjálfbær um ókomin ár.

Þorsteinn Þorgeirsson, hagfræðingur SI

¹ Robert Mundell, 1961, "A Theory of Optimum Currency Areas", *American Economic Review*, 51, pp. 509-517.

² Það er athyglisvert hversu neikvæðir margir bandarískir hagfræðingar hafa verið í garð evrunnar. Að einhverju leyti getur verið um ótta að ræða. En rist er að evran mun veita dollaranum samkeppni um stöðu hans sem afhjóðamyntar. Sem slíkum hefur dollaranum fylgt ýmis hagsbætur og árunna rás. Á undanförnum tveim áratugum hafa Bandaríkjamenn notið mun lægri vaxta og bærri gengis en viðskiptaballi þeirra hefur gefið tilefni til. Að einhverju leyti má líka þakka það þeirri staðreynd að umhverfi fjárfestinga í Bandaríkjunum hefur verið einstaklega hagfellt.

³ Áhrifa gengisflökts hefur gatt sterklega á Íslandi, nema ef vera skyldi í greinum þar sem umframverð (economic rent) er að finna í greininni, eins og í orkusjefri stóriðju og sjávarútvegi. Í orkusjefri iðnaði er fjárfestum boðin raforkuverð sem eru lág í afhjóðlegum samanburði. Þátt erlendar fjárfestingar séu takmarkaðar í sjávarútvegi er kvótageign útgerðarmannanna mikið aðdráttarafi. Samkeppnisgreinar þurfa hinsvegar að laða til sín fjármagn á eðlilegum viðskiptaforsendum.

⁴ Robert Mundell, 1970, "Uncommon Arguments for a Common Currency", í H.G. Johnson and A.K. Swoboda, *The Economics of Common Currencies*, Allen and Unwin, 1973, pp. 114-132.

⁵ Nokkuð hefur þyrst í unnaðinni að upptaka dollarsins sé jafn raunhæfur kostur og evran. Slíkt endurspeglar ekki meginstaðreyndir málsins. Evran er að verða ráðandi mynt hjá langstærstum hluta viðskiptaþjóða okkar. Ísland getur orðið fullgildur og virkur þátttakandi í einstæðu og sögulegu samstarfi tuga Evrópuþjóða um sameiginlega markaði, mynt og opinber fjármál. Við erum þegar að hálfu leyti í því samstarfi, en ekki virk í að móta það. Því fer fjarri að slíkur valkostur sé til staðar hvað Bandaríkin varðar.

⁶ Umframfarðarinn af fiskiðnum í heild er nú metinn á um 5% af VLF. Ef fjóðin gæti samið um áframhaldandi stjórn á fiskiðnum sinum innan ESB yrði um breinin ávinningur að ræða sem fylgdi upptöku evrunnar.

Opinn félagsfundur SI um:

Breytingar á lögum um opinber innkaup

Samtök iðnaðarins efndu nýlega til opins félagsfundar til að kynna og fjalla um frumvarp fjármálaráðherra um breytingar á lögum um opinber innkaup. Frummælendur voru Guðmundur Ólason og Skúli Magnússon frá fjármálaráðuneytinu, Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, Helga Jónsdóttir, borgarritari og Þor-geir Baldursson, forstjóri Prentsmiðjunnar Odda.

SKÝRAR REGLUR UM ÚTBOÐSSKYLDU

Í umfjöllun um opinber innkaup á liðnum árum hafa Samtökin m.a. fundið að ýmsum atriðum varðandi framkvæmd opinberra innkaupa og einkum lagt áherslu á að settar verði samræmdar reglur um innkaup sveitarfélaga. Samtökin hafa líka látið sig varða rammamánninga en þeir hafa hingað til ekki átt neina stöð í lögum aðeins í reglugerð og til þessa hefur þótt skorta mjög á jafnræði í þeirri samninggerð. Samtök iðnaðarins líta svo á að setja skuli skýrar reglur og fyriræli um útbodsskyldu við innkaup opinberra aðila, hvort sem í hlut eiga ríki, sveitarfélög, stofnanir eða fyrirtæki í meirihlutaægu þessara aðila.

UNDIRBÚNINGUR FRUMVARPSINS

Guðmundur Ólason kynnti undirbúning frumvarpsins og þakkaði SI fyrir frumkvæðið og samstarfið en þau áttu fulltrúa í undirbúningsnefndinni. Hann sagði að í áliti sínu hefði nefndin m.a. lagt til að framsetning lagareglna um opinber innkaup yrði gerð skýrari og að útbodsstefna ríkisins yrði endurskoðuð. Nefndin hefði einnig lagt til að samræmdar yrðu reglur um innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu og innkaup undir viðmiðunarmörkum þess svæðis. Þá var lagt til að sett yrðu lög um rammamánninga en síðast en ekki síst að kærunefnd útbodsmála yrði gerð sjálfstæð.

HEILDARLÖG UM OPINBER INNKAUP

Skúli Magnússon gerði m.a. grein fyrir þeirri hugsun sem liggur að baki frumvarpinu. Ekki síst vildu höfundar marka



íslenskrí útbodsstefnu skýran lagalegan farveg og koma reglum um opinber innkaup fyrir í einum heildarlögum með skýrum og skipulegum hætti. Hann gerði einnig grein fyrir því að sveitarfélög væru undanskilin stórum hluta frumvarpsins sem snýr að innkaupum undir viðmiðunarfjárhæðum EES-svæðisins. Viðmiðunarfjárhæðir eru þrjár milljónir króna við kaup á þjónustu og vörum og tíu milljónir króna við verksamninga. Að lokum gerði hann grein fyrir ákvæðum varðandi kærunefnd útbodsmála og réttarræði. Í máli hans kom fram að kærunefndin verði sjálfstæð úrskurðarnefnd ef frumvarpið verður að lögum en einnig er gert ráð fyrir að nefndin geti gefið fjármálaráðuneytinu ráðgefandi álit verði eftir því leitað.

RÉTTARSTAÐA BJÓÐANDA STÓRBÆTT

Ari Edwald sagði m.a. að frumvarpið væri mikið framfaraskref. Réttarstaða bjóðandans væri stórbætt og leiddi til aukinnar hagkvæmni sem væri mikilvæg í innkaupum sem næmu u.þ.b.40 milljónum króna á ári. Útbod yrði meginregla og ekki lengur heimilt að semja leikreglur eftir á. Hann taldi þó mjög miður að sveitarfélögin skuli í frumvarpinu undanþegin reglum annars þáttar um að þurfa ekki að bjóða út verkframkvæmdir undir 420 milljónum króna, þjónustukaup undir 16 milljónum króna og vörukaup undir 11 milljónum króna. Samkvæmt því gætu sveitarfélögin gert það sem þeim sýndist upp að þeim viðmiðunarfjárhæðum. Að síðustu vék Ari að rammamánningum og sagðist vona að þeir kæmist á fastari grundvöll. Hann fagnaði sjálfstæði kærunefndar og lagði ríka áherslu á að opinber innkaup og verk

á Íslandi verði boðin út og leikreglur hafðar skýrar.

FRAMFARASPOR

Helga Jónsdóttir sagði frumvarpið í heild vera framfaraspör sem rétt væri að stíga en gagnrýndi að sveitarfélögin hefðu ekki átt þá aðkomu að undirbúningi þess sem æskilegt væri. Hún væri sannfærð um að þar hefði verið hægt að leysa úr þeim málum sem í frumvarpinu muni blasa við sveitarfélögunum sem ákveðin vandamál. Hún taldi þó ekki mjög flókið að breyta frumvarpinu á þann veg sem tryggt gæti að sömu „umferðarlög“ giltu um opinber innkaup á landinu öllu án tillits til þess hvort þau væru á vettvangi ríkis eða sveitarfélaga.

KAUPSKYLDU VERÐI REGLAN

Þor-geir Baldursson fjallaði um rammamánninga og gat einkum um tvennt sem vakið hafði athygli hans við lestur frumvarpsins. Annars vegar að magn og umfang samnings er að meira eða minna leyti ótilgreint, eins og verið hefur, en hins vegar að kaupendur virðast skuldbundnir til að kaupa þá vöru sem samningurinn kveður á um. Það virtist vera ný skilgreining og því bæri að fagna. Þor-geir gagnrýndi þó heimildarákvæði sem leysir kaupanda undan þeirri skyldu og sagðist óttast að rammamánningar verði áfram í sama fari og hingað til. Annaðhvort verði að tilgreina tiltekið lágmarksmagn í samningum eða að kaupskylda verði reglan ella fáiast ekkert jafnræði með samningsaðilum.

Nánar er fjallað um efni fundarins á vefsetri Samtaka iðnaðarins, si.is

Keflavíkurverktakar hf. sóttir heim

„Við erum á fullri ferð“

Keflavíkurverktakar hf. eru eitt þeirra fyrirtækja sem gengið hafa í Samtök iðnaðarins á þessu ári.



Fyrirtækið var stofnað sem almenningshlutafélag fyrir tveimur árum en þó reist á gömlum grunni með sameiningu nokkurra aðila sem átt höfðu samstarf frá árinu 1957 undir nafninu Keflavíkurverktakar. Hluthafar eru 180 talsins en þar af eiga 15 rösklega 54% hlutfjárins. Nú er stefnt að því að fyrirtækið, sem verið hefur á „svonefndum gráum markaði“, verði skráð hinn 15. maí á tilboðsmarkaði sem Verðbréfaþing Íslands er að koma á lag-girnar.

STERK EIGINFJÁRSTAÐA

Róbert Trausti Árnason, forstjóri Keflavíkurverktaka, segir að fyrirtækið standi fjárhagslega mjög traustum fótum því að eiginfjárstaðan sé sterk. Á síðasta ári nam velta fyrirtækisins 1,7 milljörðum króna og hagnaður af rekstrinum það ár var rösklega 100 milljónir króna. Spurður um hvaða áhrif nýjasta þróun efnahagsmála hafi á fyrirtækið segir Róbert Trausti: „Auðvitað förum við ekki varhluta af hvernig gengur í íslensku efnahagslífi. Það hefur áhrif á okkur eins og aðra. Hækkandi bensínverð, gengissig og háir vextir hafa áhrif á reksturinn en ég rek fyrirtækið eins og aðhaldssamur bóndi. Við tökum ekki lán. Það er lykillinn. Við losnum við ýmsa útgjaldaliði af því að fyrirtækið stendur vel. Það býr að því að hafa alltaf verið skynsamlega rekið.“

ÖLL VERK Í ÚTBOÐ INNAN TVEGGJA ÁRA

Til skamms tíma hafa aðeins tvö sjálfstæð og ótengd fyrirtæki, Aðalverktakar og Keflavíkurverktakar, haft einkarétt á að vinna fyrir varnarliðið. Öll starfsemi Keflavíkurverktaka hefur snúist um viðhaldsverkefni á Keflavíkurflugvelli þar til á síðasta ári en árið 1996 var gerð bókun um að með tíð og tíma færi öll vinna á vegum varnarliðsins í útboð og frá og með árinu 2003 verður raunin sú. Einkaréttur Keflavíkurverktaka gagnvart starfsemi fyrir varnarliðið mun ljúka í ársbyrjun 2004. Að sögn Róberts Trausta er fyrirtækið smám

saman að fíkra sig inn á íslenska markaðinn, þ.e. utan vallarsvæðisins, og er stefnt að því að auka þann þátt í starfseminni.

ÓÞRJÓTANDI VERKEFNI

Innan vallar er höfuðáherslan lögð á verk sem felast í viðhaldi og endurnýjun og Róbert Trausti segir að og fyrirtækið bjóði fyrst og fremst heildarlausnir á því sviði. „Hér eru sjúkrahús, kvikmyndahús, sundlaug, útvarps- og sjónvarpsstöð, fjórir skólar, mótuneyti, vopna- og birgðageymslur, flugskýli og síðast en ekki síst íbúðir svo að nokkuð sé nefnt. Allt þetta húsnæði þarfnast viðhalds fyrir eða síðar svo að af nógu er að taka. Keflavíkurverktakar hf. vinna alltaf í samstarfi við verkfræði- og arkitektastofur og geta bæði einir og í félagi við aðra ráðist í umfangsmikil verk. Flest eru á bilinu 60 til 90 milljónir króna en þau stærstu allt að 200 milljónum.“ Róbert Trausti segir viðhaldsverkefni innar vallar vera óþrjótandi meðan varnarlið dvelst hér á landi. Hann telur ólíklegt að það ráðist í ný byggingarverkefni en það sé ekki á förum.

STÓRT SAMFÉLAG - MIKIL UMFERÐ

Byggðin á Keflavíkurflugvelli er hin ellefta stærsta á landinu að sögn Róberts Trausta. Hermenn og skyldulið þeirra teljast vera á fimmta þúsund. Auk þess eru um 1000 Íslendingar á launaskrá Bandaríska varnarmálaráðuneytisins og hartnær 300 að auki starfa hjá hinu opinbera og íslenskum fyrirtækjum innan vallar. Hann segir umferð á vegum NATO geysimikla því að um völlinn fari um 500 herliðar í ýmsum erindum í viku hverri milli Bandaríkjanna og Evrópu auk hinnar almennu flugumferðar og umsvifa í því samhengi. „Ísland er vel í sveit sett og alþjóðavöllurinn vex og dafnar,“ segir Róbert Trausti.

FRÁBÆRIR STARFSMENN

„Keflavíkurverktakar hf. ganga því út frá því að hér sé eftir miklu að slægjast en samkeppnin er komin hér inn fyrir hliðið og tíminn verður að leiða í ljós hve vel tekst að leiða fyrirtækið inn í framtíðina. Það byggist ekki síst á þeim góðu starfsmönnum sem fyrirtækið hefur á að skipa,“ segir Róbert Trausti. „Þeir eru sérstök og



Róbert Trausti Árnason, forstjóri Keflavíkurverktaka hf.



óvenjuleg sveit, eru vel menntaðir í sínum iðngreinum en um 90% allra starfsmanna fyrirtækisins eru iðnaðarmenn. Þeir hafa mikla starfsreynslu og eru sannkallaður alþjóðlegur vinnukraftur. Mitt fólk talar ensku. Það vinnur með bandarískum verkefnisstjórum og eftirlitsmönnum og getur tekið að sér vinnu erlendis ef svo ber undir. Í því er mannaður fyrirtækisins ekki síst fölginn.“

Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölsóttur kynningarfundur SI

Samtök iðnaðarins boðuðu til kynningarfundar með ráðgjafaráði SI, stjórnnum aðildarfélaganna og starfsmönnum Samtakanna 10. maí og sóttu hann um 90 manns.

Efnt var til sams konar fundar í fyrsta sinn fyrir ári og hann þótti gefast svo vel að allar horfur eru á að hann verði framvegis fastur liður í starfi SI. Ljóst er að á hverju ári koma upp ný verkefni í starfi SI en auk þess velst sífellt nýtt fólk til forystu í aðildarfélagunum. Fundurinn er ekki síst haldinn til að auka tengsl Samtakanna við þá sem eru í forystusveit aðildarfélaganna hverju sinni.

Vilmundur Jósefsson, formaður SI, fjallaði um þau verkefni sem stjórn Samtakanna leggur mesta áherslu á að unnið verði að á næstu mánuðum. Verkefnalistinn er langur, alls 26 verkefni, en þeim tíu, sem talin eru brýnust, hefur verið raðað í forgangsrið.

Sveinn Hannesson, framkvæmastjóri SI, kynnti þjónustu og skipulag Samtakanna og brá upp sýnishorni af þeim fjölmörgu málum sem fjallað er um á vikulegum starfsmannafundum Samtakanna.



Jón Steindór Valdimarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SI, skýrði frá helstu niðurstöðum nokkurra starfshópa sem fjallað hafa um ýmis málefni á vegum

Samtaka atvinnulífsins fyrir aðalfund SA í þessum mánuði. Hann kynnti einnig ýmis þingmál sem varða iðnaðinn og Samtökin hafa fengið send til umsagnar en þau eru jafnan fjölmörg á hverju ári og er öllum sinnt. Allar umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktanir eru birtar jafnóðum á si.is.

Þorsteinn Þorgeirsson, hagfræðingur SI, sem tekið hefur þátt í starfshópum SA um efnahagsmál og skattamál skýrði frá helstu niðurstöðum þeirra hópa en stefnumótun SA í skattamálum verður kynnt sérstaklega á aðalfundi SA. Kjarninn í þeirri tilloğu er lækkun tekjuskatts á fyrirtæki og niðurfelling úreltra skatta svo sem eignarskatt, stimpilgjöld og vörugjöld á nauðsynjavörur á borð við byggingavörur og matvæli.

Að fundinum loknum þágu fundarmenn léttan kvöldverð í boði Samtakanna.

Dóra Kristín Jónsdóttir

ESB styrkir til þjálfunar ungra sérfræðinga

Evrópusambandið býður fyrirtækjum og stofnunum fjárhagslegan stuðning til að senda starfsmenn sína í starfsþjálfun til erlendra fyrirtækja eða vísindastofnana eða ráða til sín erlenda sérfræðinga í vinnu. Tvenns konar styrkir eru í boði innan svokallaðrar Marie Curie áætlunar, annars vegar til fyrirtækja eða stofnana og hins vegar til einstaklinga. Þessir styrkir eru ætlaðir fyrirtækjum og stofnunum á öllum sviðum sem 5. rammaáætlunin nær yfir.

Samtök iðnaðarins og Rannsóknarráð



taka þátt í netsamstarfi 12 Evrópuþjóða, Fellows for Industry sem hefur það að markmiði að auka nýsköpunarhæfni fyrirtækja á sviði heilbrigðistækni í Evrópu með því að hvetja til samstarfs gegnum Marie Curie áætlunina. Frá þessu var greint lauslega í febrúarhefti Íslensks iðnaðar. Nú hafa verið útbúin kynningarbæklingar á íslensku um Marie Curie styrkina og Fellows for Industry verkefnið. Bæklingarnir eru á rafrænu formi og er þá

að finna á vefsetri Samtaka iðnaðarins si.is undir fyrirsögninni: Þjálfun ungra sérfræðinga – styrkir frá ESB og á vef Heilbrigðistæknivettvangs: htv.is. Þar er einnig að finna eyðublað sem áhugasöm fyrirtæki geta fyllt út og sent Halldóri Pétri Þorsteinssyni hjá Heilbrigðistæknivettvangi (htv@htv.is). Fyrirtæki verða síðan aðstoðuð við að komast í samband við rétta samstarfsaðila og fylla út umsóknir sé þess óskað. Nánari upplýsingar gefa Halldór Pétur Þorsteinsson í síma: 560 1595 og Ragnheiður Héðinsdóttir hjá SI (ragnheidur@si.is) í síma 511 5555.

Stutt fræðslu- erindi um gæðastjórnun

Að undanfögnu hefur Ferdinand Hansen, verkefnisstjóri gæðamála Samtaka iðnaðarins, ferðast milli aðildarfyrirtækja SI og haldið stutta kynningarfundum með starfsmönnum þeirra um gæðastjórnun.

Á fundunum, sem alla jafna standa ekki nema klukkustund, kynnir hann starfsmönnum helstu inntak gæðastjórnunar auk þess að benda á ávinning starfsmanna sem vinna í fyrirtækjum með virka gæðastefnu. Framsagan er skorinorð og hnitmiðuð. Hugtakið gæði er útskýrt og fjallað um gæði, vottun, gæðaeftirlit, viðskiptavininn og utan fyrirtækis, viðskiptavild og starfsanda svo að eitthvað sé nefnt. Lok er farið yfir fyrstu skref þeirra sem vilja tileinka sér gæðastjórnun. Markmið gæðastjórnunar er að fækka mistökum og minnka kostnað vegna mistaka sem hvorttveggja leiðir af sér ábatasamari rekstur sem líklegt er að starfsfólk njóti góðs af. Auk þess er bæt看ur starfsandi ævinlega fylgifyskur velheppnaðrar gæðastjórnunar.

Að undanfögnu hafa á fimmta tug fyrirtækja verið að undirbúa gæðastjórnun undir handleiðslu Ferdinands. Leitað hefur verið til systursamtaka SI í Noregi sem hafa eftirlátið SI fyrirmynd að hagnýtu og raunhæfu verklagi til að innleiða gæðastjórnun jafnt í lítil sem meðalstór fyrirtæki. Má segja að mikil vakning hafi átt sér stað að undanfögnu enda augu fjölmargra að opnast fyrir þeim ávinningi sem er að sækja í greiðar bæt看ur stjórnunar.

Xplor

Norðurlandaráðstefna Xplor International á Íslandi

Norðurlandaráðstefna Xplor International á Íslandi verður haldin að Ver-sölum, Hallveigarstíg 1, í húsi Samtaka iðnaðarins þann 18. maí nk. Ráðstefnan stendur einn dag frá kl. 09.00 -17.00. Innifalið í skráningargjaldi er hádegisverður, kaffiborð og léttar veitingar í lok dags. Ráðstefna samtakan-na ber að þessu sinni yfirskriftina „Printing and the e-business“ og er hluti af hinum árlegu Norðurlandaráðstefnum eða „Road Show“ og hefur vaxið ár frá ári.

Xplor International (www.xplor.org) eru alþjóðleg samtök u.þ.b. 6000 fastra fé-laga, en þess má geta að 14.000 manns sóttu síðustu alþjóðaráðstefnu á Miami í nóvember á síðasta ári. Samtökin eru samskiptavettvangur sérfræðinga í upplýsinga-tækni til að kynnast og að kynna nýjungar fyrir starfsbræðrum sínum og systurum. Á alþjóðaráðstefnunni, sem haldin er árlega, eru námskeið, fyrirlestrar og vöru-sýningar, en þangað geta félagar sótt fjölbreyttan fróðleik um upplýsingatækni.

Nánari upplýsingar um dagskrá og fyrirlesara, innlenda og erlenda, er að finna á veffanginu xploreurope.org/nordic/activities.html en dagskrá ráðstefnunnar á Ís-landi er hér að neðan.


DAGSKRÁ NORÐURLANDARÁÐSTEFNU XPLOR INTERNATIONAL Á ÍSLANDI

08.30 - 09.00	Skráning
09.00 - 09.15	Ráðstefna XPLOR sett, forseti Xplor Nordic Region Sveinbjörn Hjálmarsson
09.15- 10.00	New distribution channel and use of new media, gestafyrirlesarar Bill McDaniel og Pat McGrew
10.00 - 10.15	Kaffihlé
10.20 - 11.05	Internetið e-business, Þórður V. Friðgeirsson
11.10 - 11.35	Öryggi á vefnum, Verisign Jóhann Kristjánsson
11.40 - 12.10	E-Print Indigo Europe, Wolfgang Michlmayr
12.15 - 13.15	Hádegisverður
13.15 - 14.00	Managing change in a hi-tech world, gestafyrirlesarar Bill McDaniel og Pat McGrew
14.00 - 14.45	Future of printing CEO, Heidelberg-Digital Wolfgang Pfizenmaier
14.45 - 15.00	Kaffihlé
15.00 - 15.45	Printing and the e-business. The future of the digital printing, direct marketing with variable data, gestafyrirlesari Elisabeth Bitch Christensen
15.45 - 17.00	Léttar veitingar (ráðstefnulok)

Á vefsetri Xplor International (slóðinni <http://regions.xplor.org/XplorEurope/nordic/registration.cfm>) má nálgast upplýsingar um verð og skráningarform (Ath. að merkja við Iceland). Einnig er hægt að skrá sig hjá Sveinbirni Hjálmarssyni, í síma 533 5252 eða á netfangið sveinbjorn@umslag.is.

Haraldur Dean Nelson

Það mælir allt með gæðastjórnun



ISAL hampar viðurkenningum

Umhverfisviðurkenningu umhverfisráðuneytisins



vegna ársins 2000 var afhent ISAL á degi umhverfisins, 25. apríl. Við afhendinguna sagði Siv Friðleifsdóttir, umhverfisráðherra, að ISAL væri brautryðjandi á mörgum sviðum umhverfismála.

Það hefði fyrst íslenskra fyrirtækja innleitt umhverfisstjórnunarkerfi og við endurúttekt á kerfinu í fyrra hefði grænt bókhald ISAL vakið sérstaka athygli skoðunarmanna. Þar hefði ISAL gengið lengra en umhverfisstjórnunarkerfið krefst og miklu lengra en íslensk lög krefjast. ISAL hefur náð mjög góðum árangri í kerrekstri sínum og mjög hefur dregið úr losun flúorkolefnissambanda sem eru sterkar gróðurhúsalofttegundir. Árangur ISAL á því sviði er sagður með því besta sem þekkest í heiminum og hefur fyrirtækið náð mjög góðum árangri við hreinsun

flúors og ryks úr afgangi frá kerum. Þá er ISAL frumkvöðull í birtingu umhverfisupplýsinga úr rekstrinum og hefur þannig stuðlað að upplýstri og fordómalausri umræðu um málefni sín. Þær upplýsingar eru aðgengilegar almenningi bæði á vefsetri ISAL og aðalskrifstofu í Straums-vík. Þá er vert að nefna meðhöndlun úrgangsefna sem er til fyrirmyndar.

Á undanförunum mánuðum hefur ISAL hlotið tvenn önnur verðlaun sem fyrirtækið telur sér mikinn sóma að. Það hlaut starfsmenntaverð-launin í flokki fyrirtækja þegar þau voru veitt í fyrsta skipti í nóvember og í apríl sl. fékk ISAL viðurkenningu frá



Rannveig Ríst og Siv Friðleifsdóttir

Vinnueftirliti Ríkisins fyrir gott starf. ISAL lítur á öll þessi verðlaun sem mikla viðurkenningu til starfsmanna sinna og hvatningu til að gera enn betur.

Go Pro Landsteinar hljóta útflutningsverðlaunin

Síðasta vetrardag voru GoPro Landsteinum veitt útflutningsverðlaun forseta Íslands. Ólafur Daðason, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, tók við verðlaununum á Bessastöðum úr hendi Ólafs Ragnars Grímssonar forseta Íslands.

Í greinargerð úthlutunarnefndar verðlaunanna segir m.a. að GoPro Landsteinar séu góður fulltrúi vaxandi fjölda íslenskra upplýsingatækniyrirtækja sem hasla sér völl á alþjóðlegum markaði. Fyrirtækið hefur náð góðum árangri í markaðsfærslu á hugbúnaðarlausnum sínum með mark-vissu sölustarfi og uppbyggingu á þjónustuneti sínu erlendis.



GoPro Landsteinar urðu til í núverandi mynd fyrir hálfu ári þegar fyrirtækin GoPro Group og Landsteinar International sameinuðust og úr varð stærsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins. Fyrirtækið byggist á samruna nokkurra fyrirtækja en meginræturnar liggja hjá Hugviti hf. og Landsteinum hf. Nú eru starfsmenn fyrirtækisins um 600 og starfar helmingurinn hér á landi en aðrir í dótturfélögum í Danmörku, Svíþjóð, Þýskalandi og Bretlandi. Velta fyrirtækisins á þessu ári er áætluð um fjórir milljarðar króna og þar af verði 60% til í rekstri erlendis.

Guðmundur Ásmundsson